

Nd.

363. Frumvarp til laga

[137. mál]

um Búreikningastofu landbúnaðarins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. marz.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningastofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Kostnaður við Búreikningastofu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Búreikningastofu landbúnaðarins er:

1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.
2. Að safna búreikningum víðs vegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og félagsbúum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda í heild og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er stofnuninni berast og færðir eru í samræmi við þær reglur, sem hún setur, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim tölulegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Senda skal viðkomandi bónda búreikning hans, uppgerðan, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunaut, eins fljótt og við verður komið, og auk þess birta yfirlitsskýrslu um niðurstöður búreikninganna fyrir hvert ár fyrir sig.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til leiðbeiningar bændum, er búreikninga vilja halda.
6. Að vinna að því með útgáfustarfsemi, námskeiðum og á annan hátt, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunauta Búnaðarfélagsins og aðra starfsmenn þess, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar.
7. Að vera ríkisstjórn og þeim aðilum, er hverju sinni fara með verðlags- og framleiðslumál landbúnaðarins, til aðstoðar við útreikninga eða gagnasöfnun, að því leyti sem slíkt fellur innan starfssviðs stofnunarinnar, eins og það er ákveðið með lögum þessum.

4. gr.

Forstöðumanni búreikningastofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.